

15. gr.

212

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 500.00, nema að þyngri refsing liggji við. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

31. des.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 114 7. maí 1952 fyrir vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

213

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi
nr. 158 25. nóv. 1948.

31. des.

1. gr.

13. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 6.5% — sex og hálfan af þúsundi — og kr. 80.00 gjald af hverri íbúð, þó skal lágmarks vatnsskattur vera kr. 150.00.

2. gr.

Í 14. grein, um gróðurhús, orðist svo:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 1.00 fyrir hvern fermetra.

Aftan við 14. gr. skal bæta við:

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

16. grein orðist svo:

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% — fimmtíu af hundraði —.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 112 13. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.